

Skagaströnd 08.02.21

**Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík**

**Umsögn um frumvarp til lagabreytingu á lögum um veiðar í
fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða, 419. mál**

Undirritaður er alfarið á móti kvótasetningu á grásleppu enda muni sú ráðstöfun rýra möguleika nýliða til þess að hefja smábátaútgerð. Á stöðum eins og Skagaströnd hafa heimamenn verið að fjárfesta í smábátum og horft til strandveiða, grásleppuveiða og byggðakvóta til þess að skapa fyrirtækjum sínum grundvöll. Grásleppuveiðar hafa þar skipt miklu máli enda verð á grásleppuleyfum verið yfirstíganlegt fyrir minni útgerðir og nýliða innan smábátaútgerðar.

Grásleppuveiðar eru gríðarlega mikilvægur þáttur í atvinnulífi á ákveðnum landsvæðum. Í mörgum tilfellum er um að ræða hinar dreifðu byggðir sem hafa átt undir högg að sækja, m.a. vegna samþjöppunar innan sjávarútvegsins. Kvótasetning á grásleppu mun því að mínu mati bitnað harðast á þeim sem veikastir eru fyrir.

Komi til kvótasetningar mun eiga sér stað mjög hröð samþjöppun veiðiheimilda í ljósi þess að stór hluti handhafa grásleppuleyfa munu ekki fá nægjanlega mikla úthlutun til þess að hagkvæmt sé að hefja veiðar. Stórfelld viðskipti með þessar aflaheimildir munu því eiga sér stað um leið og kvótasetning hefur verið ákveðin og líklegt er að vinnsluaðilar á grásleppuafurðum muni reyna að tryggja sér sem mest af þessum veiðiheimildum með beinum eða óbeinum hætti. Grásleppusjómenn yrðu því fljótt leiguliðar eða verktakar við veiðarnar. Ég efast um að margir trillukarlar hafi fjármagn eða veðhæfi til þess að kaupa upp aflaheimildir félaga sinna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 2% þak verði sett á eignarhald á veiðiheimildum. Því má velta upp sviðsmynd þar sem allar veiðiheimildir væru vistaðar á 50 bátum á landsvísu. Í frumvarpinu er tilgreint að ráðherra sé **heimilt** að ákveða staðbundna svæðaskiptingu við veiðarnar en ég er þeirrar skoðunar að sú heimild verði ekki nýtt vegna þrýstings frá þeim aðilum sem halda um veiðiheimildirnar eftir að samþjöppun hefur átt sér stað. Þá munu útgerðaraðilar vilja hafa frelsi til

Þess að færa sig á milli staða eftir aflabrögðum og veðurfari til þess að hægt verði að ná leyfilegum hámarksafla. Samþjöppunin mun einnig krefjast að útgerðaraðilar fari af stað með mikið magn af netum til þess að reyna að ná útgefnum kvóta. Slíkt býður hættunni heim er varðar aukið brottkast á verðlausum fiski náist ekki að vitja um úthaldið með nægilega örum hætti. Undanfarin ár hefur náðst mun betri stýring á þessum þáttum þar sem netafjöldi hefur verið takmarkaður og betri tækni til staðar er varðar eftirlit með netafjölda.

Mikið er talað um að hlutdeildarsetning muni auka mjög fyrirsjáanleika við veiðarnar þar sem mönnum verði ljóst hversu mikið þeir megi afla. Ekki verður séð að slíkum fyrirsjáanleika verði að fullu náð fyrr en Hafrannsóknastofnun mun treysta sér til að veita ráðgjöf varðandi heildaraflamark með öðrum hætti en gert er í dag. Mönnum mun verða ljóst hvert hlutfall þeirra í heildarmagninu mun verða en heildaraflamagnið mun að óbreyttu ekki liggja fyrir fyrr en vorrall stofnunarinnar hefur farið fram. Það verður því áfram töluverð óvissa til staðar þrátt fyrir breytta veiðistýringu. Nánast má líkja þessu ferli við það sem tíðkast í kringum veiðar á loðnu í dag.

Í tengslum við frumvarpið hefur mönnum verið tíðrætt um lítinn áhuga á grásleppuveiðum og litla nýliðun innan greinarinnar. Ég er þeirrar skoðunar að þar spili fyrst og fremst inni verð á afurðum grásleppunnar. Enn er það svo að grásleppuhrogn eru fyrst og fremst seld sem staðkvæmdarvara fyrir styrjuhrogn. Markaðurinn hefur alla tíð verið takmarkaður og viðkvæmur fyrir magnbreytingum. Í um 33 ár hefur verið starfandi hópur LURÓMA sem fjallar um birgðir og ástand á markaði. Í hópnum eru fulltrúar helstu veiðiþjóða grásleppu sem hafa reynt að koma sér saman um veitt magn til þess að reyna að tryggja stöðugleika á markaðnum. Verðmyndun hefur því eðlilega alltaf verið afgerandi þáttur í áhuga manna á þessum veiðum, ekki endilega veiðistjórnunin. Allar hugmyndir og óvissa varðandi kvótasetningu hefur jafnframt að mínu mati haft mikil áhrif á viðskipti með grásleppuleyfin. Það myndast óvissa um verðmæti þeirra og menn halda að sér höndum, bæði kaupendur og seljendur.

Engum þarf að koma á óvart að núverandi handhafar grásleppuleyfa séu að stærstum hluta fylgjandi hlutdeildarsetningu. Eignarhald á varanlegum aflaheimildum hefur í flestum tilfellum tryggt mönnum væna “starfslokasamninga” þegar menn ákveða að hætta útgerð. Þeir hagsmunir geta eðlilega haft mikil áhrif á afstöðu þeirra hvað hlutdeildarsetningu varðar.

Lengst af hefur sú sóknarstýring sem viðhöfð hefur verið í tengslum við grásleppuveiðar gengið nokkuð vel. Afli hefur sjaldan farið umfram ráðgjöf Hafrannsóknastofnunnar en þess má geta að stofnunin gaf fyrst út leyfilegan hámarksafla árið 2012. Fram að þeim tíma skilaði grásleppunefnd LS tillögu að dagafjölda til sjávarútvegsráðherra sem gaf í kjölfarið út reglugerð um veiðarnar. Tillaga grásleppunefndar var fyrst og fremst miðuð út frá ástandi á markaði til þess að tryggja stöðugleika á honum og ásættanlegt verð fyrir afurðirnar. Þær aðstæður sem sköpuðust síðasta vor voru að ég best veit fordæmalausar. Afar sjaldgæft er að upplifa svo góð aflabrögð allt í kringum landið á sama tíma. Jafnframt voru veðurskilyrði lengst af góð m.t.t. grásleppuveiða. Ég er þeirrar skoðunar að Sjávarútvegsráðherra hefði getað gripið mun fyrr til aðgerða með það fyrir augum að auka jafnræði á milli veiðisvæða og lágmarka skaðann sem varð.

Ég tel að það sé vel hægt að sníða vankanta af núverandi kerfi með því t.d. að opna fyrir sameiningu leyfa, heimila mönnum að tilkynna að veiðarfæri hafi verið dregin upp vegna ógæfta eða óæskilegs meðafla án þess að veiðidagar haldi áfram að telja. Slíkar breytingar myndu að mínu mati auka arðsemi greinarinnar ásamt því að auka áhuga á þátttöku og nýliðun innan grásleppuveiða. Það vekur nokkra furðu hversu lítil áhersla var á slíkar hugmyndir í vinnu starfshóps sem starfaði fyrir Sjávarútvegsráðherra árið 2018.

Ég hef í störfum mínum hjá Sjávarlíftækisetrinu BioPol ehf á Skagaströnd notið þeirrar gæfu að stunda rannsóknir á hrognkelsum í góðu samstarfi við grásleppusjómenn og Hafrannsóknastofnun síðan 2008. Sú vinna hefur skilað fjölmörgum ritrýndum vísindagreinum en mikið af þessari vinnu hefur farið fram um borð í grásleppubátum um allt land. Ég tel mig því hafa nokkuð góða innsýn í málefnið sem hér um ræðir og er tilbúinn til þess að mæta á fund Atvinnuveganefndar til þess að ræða þetta mál ef þörf er talin á.

Ég hef engra beinna hagsmuna að gæta varðandi fyrirkomulag grásleppuveiða. Ég vil þó fyrir alla muni reyna að tryggja að afkomendur mínir og aðrir sem vilja leggja fyrir sig smábátaútgerð á Íslandi geti stundað grásleppuveiðar án stærri fjárhagslegra hindrana en þeirra sem fyrir eru í dag.

Halldór Gunnar Ólafsson

Sjávarútvegsfræðingur og framkvæmdastjóri BioPol ehf á Skagaströnd.